


**Athugun á útbreiðslu ferskvatnsfiska  
í Svelgsá í Helgafellssveit**

**Sigurður Már Einarsson**

**Veiðimálastofnun Vesturlandsdeild Júlí 2008**

**Unnið fyrir Svelg ehf**



**VEIÐIMÁLASTOFNUN**

Veiðinýting • Lífríki í ám og vötnum • Rannsóknir • Ráðgjöf

## **Inngangur**

Að beiðni Svelgs ehf. var gerð rannsókn á útbreiðslu og magni ferskvatnsfiska í Svelgsá í Helgafellssveit. Rannsóknin er gerð vegna fyrirhugaðrar byggingar 655 kW rennslisvirkjunar í Svelgsá. Virkjunaráform gera ráð fyrir virkjun linda efst í Svelgsá sem safnað er í lítið inntakslón. Úr lindunum verður veitt vatni um niðurgrafna þrýstipípu að stöðvarhúsi sem staðsett er skammt ofan við vatnsból Stykkishólmsbæjar (1. mynd, 2. mynd). Rannsóknir á vettvangi fóru fram 24. júlí 2008.

Engar rannsóknir liggja fyrir á útbreiðslu eða magni ferskvatnsfiska á vatnasvæðinu. Svelgsá er um 9 km að lengd og er vatnasviðið 26 km<sup>2</sup> (Sigurjón Rist 1990). Áin er fiskgeng rúmlega 1 km að Tröllkonufossi. Svelgsá flokkast sem lindá með dragaréinkennum, en lindaáhrif verða sterkari er ofar dregur í ána.

## **Aðferðir**

Farið var upp með Svelgsá og áin könnuð allt frá ármótum gilja skammt ofan við vatnsból Stykkishólmsbæjar og langleiðina að ósi árinna. Búsvæði árinna voru skoðuð m.t. til botngerðar og straumlags árinna og mælt var hitastig og rafleiðni árvatnsins.

Smáseiðum var safnað með rafveiðum og var veitt á þremur stöðum á vatnasvæðinu til að kanna útbreiðslu og magn fiska á svæðinu. Ein veiðiumferð var farin á hverri stöð, allur afli greindur til tegunda, seiðin lengdarmæld frá snoppu að sporsýlingu ( $\pm 0,1$  cm). Auk þess voru kvarnir og hreistur tekin af nokkrum seiðum til aldursgreininga. Útreikningar á seiðapéttleika miðast við að umreikna þann fjölda seiða sem veiðist í einni rafveiðiumferð 100 m<sup>2</sup> og fæst þá n.k. seiðavísitala og er þessari aðferð almennt beitt við sambærilegar rannsóknir héraendis (Friðþjófur Árnason o.fl. 2003).

## **Niðurstöður**

### *Búsvæði*

Búsvæði Svelgsár taka mið af uppruna árinna og halla farvegarins. Svelgsá er lindá og er lindapáttur árinna mjög sterkur á efri hluta árinna. Rennsli árinna er því mjög stöðugt. Bakkar eru grónir (2. mynd, 4. mynd) og tiltölulega lítið um bakkarof (3. mynd).

Farvegur árinna mótar botngerðina og á því svæði sem áin var skoðuð, einkenndist botninn af samblandi af mól, snágrýti og stórgrýti, en slík skilyrði eru kjörskilyrði fyrir uppeldi laxfiska í straumvatni. Mosapekja var mikil á steinum (2. mynd) sem einnig ber vitni um litlar rennslissveiflur. Nákvæmar mælingar á búsvæðum voru ekki gerðar að þessu sinni.

### *Fiskar*

Á ófiskgenga hluta árinna var veitt á tveimur stöðum (stöðvar 1 og 2). Engir fiskar veiddust á stöðvunum. Á fiskgenga hluta árinna var veitt á einum stað (stöð 3). Þar veiddust urriðaseiði (*Salmo trutta* L.) í nokkru magni (tafla 1), en aðrar fisktegundir komu ekki fyrir.

Tafla 1. Vísitala seiðapéttleika (fjöldi í einni umferð á 100 m<sup>2</sup>) urriðaseiða í Svelgsá 24. júlí 2008.

Stöð	Svæði m <sup>2</sup>	Urriði – þéttleiki í einni umferð/100 m <sup>2</sup>				Samt.
		0+	1+	2+	3+	
1	187	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
2	88	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
3	140	0,0	2,9	0,7	1,4	5,0
<b>Meðaltal</b>		0,0	1,0	0,2	0,5	1,7

### **Umræður**

Í þessari rannsókn varð ekki vart við ferskvatnsfiska á ófiskgengum árhlu Svelgsár. Ekki er þó útilokað að fiskar séu til staðar á ófiskgenga svæðinu, en óhætt er þó að fullyrða að þéttleiki þeirra sé lágur fyrst þeir komu ekki fram á veiðistöðum, en mjög góð skilyrði fyrir fiskseiði var að finna á þeim stöðum sem teknir voru til athugunar.

Á fiskgenga hluta árinna varð vart við urriða, en ekki aðrar tegundir ferskvatnsfiska. Engar upplýsingar liggja fyrir um veiðinýtingu í Svelgsá, en þar sem urrið finnst á fiskgenga hluta árinna er líklegt að lítill sjóbirtingsstofn sé til staðar í ánni.

Ekki verður séð að virkjun á efsta hluta Svelgsar muni hafa neikvæð áhrif á fiskframleiðslu eða veiðar á laxfiskum í Svelgsá. Engin miðlun er við virkjunina þannig að áhrif á farveg og rennsli árinna neðan við væntanlegt stöðvarhús verða væntanlega mjög lítil. Rennsli á farvegi árinna frá inntakslóni að stöðvarhúsi mun skerðast við virkjunina, en þar sem fiskar hafa ekki fundist á ófiskgenga hluta árinna verður ekki séð að um neikvæð áhrif geti verið að ræða á fiskframleiðslu á þeim hluta árinna.





2. mynd. Stöð 1, kammt ofan við vatnsból Stykkishólmsbæjar.



3. mynd. Stöð 2, skammt neðan við hraunið.



4. mynd. Stöð 3, skammt neðan við Þjóðveg.